

Reykjavík 30. júlí 1986

Agætu Kvennalistakonur.

A ráðstefnunni sem haldin var í Valsskálanum í júní var ákveðið að setja á laggir hópa til að hefja undirbúning að stefnuskrá fyrir næstu alþingiskosningar. Reynslan frá sveitastjórnarkosningunum kenndi okkur að betra er að byrja heldur fyrr en síðar og rákum við okkur á þann sannleika að stefnuskrár-samning tekur drjúgan tíma. Frá því að ráðstefnunni lauk hafa þingkonur o.fl. unnið hörðum höndum við að fara í gegnum plög og umræður til undirbúnings fyrir næsta þing og einnig til að fá yfirlit um það sem gert hefur verið til þessa. Annar hópur er svo sá sem stendur að þessu bréfi og hefur það hlutverk að koma af stað vinnu við stefnuskrána, en hann ætlar alls ekki að verða sá hópur sem skrifar hana. Það er okkar fyrsta tillaga að þið hefjist handa þegar í stað við að punkta hjá ykkur þau stefnumál sem ykkur liggja á hjarta. Einkum beinum við því til kvenna í sveitum^{og} sjávarplássum að taka sérstaklega fyrir landbúnaðarmálin og sjávarútveginn og hreinlega móta stefnu Kvennalistsins í þeim málum (alla vega að gera tillögu að stefnu, framkvæmdum og óskalista). Sennilega er best að byrja á því að fara í gegnum gömlu stefnuskrána og sjá hvað þar stendur og láta síðan hugann reika, ímynda sér draumaástandið í landbúnaðinum/sjávarútveginum og reyna að finna leiðina sem liggur til draumalandsins. Sem sagt: hvernig er ástandið í þessum málum? Hvernig viljum við að það sé og hvað viljum við gera? Við bendum á stefnuskrána í borgarmálum sem við erum ákaflega ánægðar með, sem fyrirmynd.

Þeir málaflókkar sem þarf að taka fyrir eru: kvennamál, efnahagsmál, byggðastefnan, húsnæðismál, atvinnumál, landbúnaður, sjávarútvegur, iðnaður, nýjar atvinnugreinar, tryggingamál, heilbrigðismál, menningarmál, skólamál, friðar- og utanríkismál, stjórnskipan-valddreifing, félagsmál, almenn stefnumörkun (þ.e. í hvers konar samfélagi viljum við lifa). Auk þessara flokka nefnið endilaga allt sem ykkur dettur í hug, því nákvæmari sem tillögurnar verða því betra og því minni vinna fyrir þær sem endanlega setjast niður og skrifa stefnuskrána. Við hljóm edlilegt að á landsfundinum í haust verði kosin nefnd til að ganga frá stefnuskránni. Þannig að allir angar hini þar fulltrúa (eftir því sem hægt er) og auðvitað þar hún verður til umræðu áður en endanlega verður frá henni gengið.

~~Við bendum ykkur á að ganga út frá er hægt að hafa~~

Við bendum ykkur á at ef ykkur vantar efni til at ganga



KVENNALISTINN

NAFN NR. 5977 - 3496

samband við skrifstofuna á Hótel Vík eða við þingflokkinn.

Með þessu bréfi fylgir annað bréf um það hvernig við hér í Reykjavík stóðum að uppstillingu á framboðslista, ef það mætti verða ykkur til leiðbeiningar þegar þar að kemur. Einnig fylgir með samantekt um landbúnaðarmál og sjávarútvegs mál frá alþingi.

AÐ LOKUM: Við beinum þeim eindregnu tilmælum til ykkar að þið sendið okkur drög að stefnumörkun í landbúnaðar- og sjávarútvegs málum fyrir 15. sept.

Reykjavík og Reykjanesangar fá aðra málaflokka í sinn hlut.

með ástarkveðju frá
stefnuskrárhóp.

Kristín Astgeirsdóttir Rvík.

Kristín Einarsdóttir, Rvík.

Sigrún Jónsdóttir, Kópavogi

f.h. hópsins

Kristín Astgeirsdóttir

E.s.: Tíminn hann er fugl sem flýgur hratt.